

Hafnarstjórn Hafnarfjarðar leggur til við bæjarstjórn að leiðrétta uppdrátt aðalskipulags Hafnarfjarðar fyrir árin 2005 – 2025:

Við gerð uppdráttar framangreinds aðalskipulags var landnotkun upplands Flensborgarhafnar (svæðis sem afmarkast af Strandgötu, Fornubúðum og Flensborgarhöfn) breytt úr hafnarsvæði í svæði til íbúðabyggðar og verslunar og þjónustu. Umrætt svæði er skilgreint sem hafnarsvæði í reglugerð um Hafnarfjarðarhöfn og engin ákvörðun var bókuð um það í skipulags- og byggingaráði, bæjarráði eða bæjarstjórn um að breyta landnotkun svæðisins á sínum tíma. Ekki er heldur að finna neitt ritað um þessa breytingu í texta aðalskipulagsins.

Það eru því eindregin tillaga hafnarstjórnar Hafnarfjarðar til Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að framangreind mistök verði leiðrétt og að svæðið verði skilgreint sem hafnarsvæði við yfirstandandi endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar.

Rök:

Hafnir verða að hafa uppland á bak við sig til aðgengis, fráleggs og athafna tengdum hafnarstarseminni. Umrætt svæði er Flensborgarhöfn nauðsynlegt til reksturs hennar.

Svæðið mætti þróa til hafnsækinnar ferðaþjónustu, svo sem með byggingu gistirýmis, veitingareksturs, verslunar með vörur tengdar bátum og veiðum. Einnig mætti hugsa sér aðstöðu til móttöku farþega skemmtiferðaskipa sem og annarra gesta, sérstaklega tengt hafnsækinni ferðaþjónustu, hvalaskoðun, sjóstangaveiði, fuglaskoðun ofl.

Það er skoðun hafnarstjórnar að lífsspursmál sé fyrir Hafnarfjarðarhöfn að hafa þetta þróunarsvæði í stað þess að loka höfnina af með íbúðabyggð, sem girða mun fyrir nýtingu Flensborgarhafnar til lengri tíma litið. Svæði sem þetta er höfninni afar verðmætt og mikilvægt og hafnarstjórn vill horfa til framtíðar varðandi skipulag og þróunar hafnarsvæðisins, með jafnvægi og sátt um þetta mikilvæga svæði í huga.